

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014 við Skaftárbrú og Iðjuvelli.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 19. ágúst 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014, frá 26. mars 2003.

Eftirtaldar breytingar verða á landnotkun á Kirkjubæjarklaustri við Skaftárbrú og Iðjuvelli:

- Hringvegur sem til stóð að færa til norðvesturs út á Jónstún verður í núverandi legu.
- Aðkoma inn í þéttbýlið verður norðan við Skaftárskála.
- Nýr tengivegur til fækkunar á innkeyrslum að Iðjuvöllum verður samsíða hringvegi.
- Flugvallarvegur færður frá Skaftá á móts við Rarik-lóð.
- Undirgöng fyrir gangandi vegfarendur og ríðandi umferð við norðurenda Skaftárbrúar eru felld niður.
- Göngu- og reiðleiðir verða aðlagðar breyttum veglínunum.
- Afmörkun á verslunar- og þjónustulóð við Iðjuvelli er aðlöguð legu hringvegarins.
- Athafnasvæði (A2) á Jónstúni færist austur fyrir Flugvallarveg þar sem gert var ráð fyrir iðnaðarsvæði.
- Iðnaðarsvæði (I3) áætlað fyrir gámavöll breytist í lóð fyrir þjónustustofnun.
- Gámavöllur færist að Flugvallarvegi sunnan við lóð Rarik.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Skaftárhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 19. ágúst 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.